

Fundargerð 2004-04 --- 4. maí

Dagsetning:

Tue, 04/05/2004

Stjórnarfundur SÍSL

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs

priðjudaginn 4. maí 2004 kl. 08:30

Mættir á fund voru Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson frá SÍSL og Vilborg Jónsdóttir og Jón Ingvar Bragason frá SÍL.

1. **NoMU fundur.** Skipulag fundarins um næstu helgi rætt. Fundargestir koma kl. 16 á föstudag, nema Finnarnir sem koma á miðvikudag og fimmtudag. Fundur hefst á föstudegi kl. 18.00 og kvöldverður kl. 20:00. Farið yfir matseðla þá sem í boði eru. Laugardagur: fundur frá kl. 9 - 13. Seinni hluti laugardagsins verði notaður í útsýnisferðir fyrir útlendingana. Niðurstaðan varð sú að leigja 14 manna bíl og keyra í Bláa Lónið og koma við í Svartsengi á bakaleiðinni. Þaðan verður farið í Tónistarskólann í Hafnarfirði, þar sem gestum verður boðið að skoða skólann og klarínettukvintett undir stjórn Ármanns Helgasonar mun leika nokkur lög.. Eftir það verður farið á veitingahúsið Fjöruna í Hafnarfirði og snæddur kvöldverður. Eftir kvöldverð væri þá hægt að aka hring um Reykjavík á leiðinni inn á hótél. Á sunnudeginum er svo aftur fundur frá kl. 9 til 13 og þá fara erlendu gestirnir beint í flug.
2. **Dagur lúðrasveitanna.** Undirbúningur í góðum farvegi hjá Stefáni Ómari og félögum hans í Hafnarfirði. Rætt um að bjóða upp á veitingar í lok dagsins, t.d. pylsur og drykki. Reyna á að fá kostendur í það verkefni. Næsta skref er að athuga með þátttöku og ætla Hafnfirðingar að hringja út á næstu dögum og heyra hljóðið í fólki. Vonandi sjá sem allra flestir sér fært að mæta í Hafnarfjörðinn þennan dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Össur Geirsson

ritari.